

EVROPSKA VINNUVERNDARVIKAN 2010 – 2011



ÖRUGG VIÐHALDSVINNA

**Vinnuvernd er allra hagar
Fyrir þig og þinn vinnustað**

Leiðbeiningar
um vinnuvernd
nr. 1, 2010


VINNUEFTIRLITID


European Agency
for Safety and Health
at Work

Hvað er viðhaldsvinna?

Viðhaldsvinna er almennt notað yfir alls konar verkefni í mismunandi greinum og vinnuumhverfi. Það sem flokkast undir viðhaldsvinnu er t.d:

viðgerðir • eftirlit • prófanir • mælingar • stillingar • bilanaleit • þjónusta • smurning • hreinsun • o.fl.

Fimm reglur um viðhaldsvinnu

1) Skipulagning

Áhættumat þarf að fara fram. Starfsmenn eiga að taka þátt í gerð áhættumatsins og vera upplýstir um niðurstöður þess áður en verkið hefst. Með því eykst ekki aðeins öryggi þeirra sem vinna viðhaldsvinnu, heldur aukast einnig gæði verksins.



2) Öruggt vinnusvæði

Oft þarf að girða vinnusvæði af til að halda óviðkomandi frá. Hægt er að nota grindur, borða eða önnur merki og tákni til að loka svæðinu. Starfsmenn ættu allir að nota sama innganginn inn á svæðið í öryggisskyni. Tryggja þarf tímabundna loftræstingu á svæðinu ef þörf er á því.

3) Viðeigandi búnaður

Starfsmenn sem vinna viðhaldsvinnu verða að hafa réttan búnað við verkin. Sá búnaður kann að vera frábrugðinn þeim búnaði sem þeir eru vanir að nota. Þeir geta þurft að vinna á svæðum sem ekki eru hönnuð til að vinna á og þeir geta lent í mjög mismunandi hættum. Nota skal viðeigandi persónuhlífar fyrir hvert verk. Atvinnurekandi verður að tryggja:

- Að rétt tæki til verksins séu tiltæk eftir þörfum, ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra.
- Að tækin séu í góðu ástandi.
- Að tækin henti vinnuumhverfinu t.d. gefi ekki frá sér neista ef unnið er í eldfimu andrúmslofti.
- Að tækin séu vinnuvistfræðilega vel hönnuð.



4) Vinna eftir skipulaginu

Beita þarf öruggum og réttum vinnubrögðum. Tryggja þarf að bæði starfsmenn og stjórnendur hafi sameiginlegan skilning á því hvernig vinna á verkið. Stöðugt þarf að fylgjast með því að ávallt sé farið eftir öllum öryggisreglum. Viðhaldsvinna er oft unnin í tímaþröng t.d. þegar bilun hefur stöðvað framleiðslu. Örugum vinnureglum verður að fylgja þrátt fyrir þrýsting um að viðgerð verði hraðað. Flýtleiðir sem bjarga málum strax geta orðið dýrkeyptar ef afleiðingin verður slys á fólki eða skemmdir á eignum. Ef upp koma vandamál sem eru flóknari en svo að starfsmenn ráði við þau er mikilvægt að stöðva verkið og sækja menn með næga þekkingu.

5) Frágangur svæðisins og skýrslugerð

Viðhaldsvinnu lýkur með því að farið er yfir verkið til að tryggja að öllum verkþáttum sé örugglega lokið. Úrgangi og rusli sem safnast hefur saman á verk tímanum þarf að farga. Að lokum þarf að klára skýrslur og lýsingu á þeirri vinnu sem hefur verið framkvæmd. Muna að skrifa athugasemd um erfiðleika sem komu upp, ef einhverjir voru. Eftir viðamikil verk er æskilegt að halda samráðsfund með öllum þeim sem komu að verkinu. Þá er hægt að koma með athugasemdir, en þær munu þá nýtast við undirbúning á næstu verkum.

Viðhaldsvinna

- Reglulegt viðhald er nauðsynlegt til að halda búnaði og vinnuumhverfi öruggu og í góðu lagi.
- Það hjálpar til við að halda vinnustaðnum slysalausum.
- Ófullnægjandi viðhald getur leitt til hættulegra aðstæðna og ógnað heilsu starfsmanna.
- Viðhaldsvinna er oft vanmetin, hún er í eðli sínu mjög hættuleg.



Áhættumat við viðhaldsvinnu

Áhættumat:

Fyrst þarf að áætla hversu langan tíma verkið tekur. Síðan þarf að kanna hvort framkvæmdin hafi hugsanlega áhrif á aðra en þá sem vinna verkið og hvort truflun verði á reglubundinni starfsemi á staðnum.

Greina þarf mögulegar hættur í vinnuumhverfinu til að geta metið áhættuna fyrir starfsmenn. Hættur gætu verið; rafmagn, hættuleg eða varasöm efni, takmarkað rými til athafna, hreyfanlegir vélarhlutar, lykt eða mengun frá efnum, sag, ryk eða asbest sem berst út í loftið og margt annað sem getur haft áhrif á starfsmenn. Gera þarf ráðstafanir til að útiloka eða lágmarka áhættu.

Öryggismál vegna vinnunnar verða að vera skilgreind:

Hvað þarf mikinn mannafla í verkið? Hvaða þekkingu og kunnáttu þurfa starfsmennirnir að hafa. Hvaða útbúnað þarf að koma með á staðinn.

Hvenær

er leyfi til að vinna og hvenær ekki? Ef taka þarf af rafmagn eða loka fyrir veitur þarf að upplýsa um það t.d. hvenær það verður gert, hverja það varðar o.s.frv.

Truflunin sem starfsemin verður fyrir:

Tryggja þarf að starfsmenn komist greiðlega á vinnusvæðið. Einnig þarf að gera rýmingaráætlun ef voða ber að höndum. Hvernig fara samskipti fram á milli þeirra sem vinna viðhaldsvinnuna og annarra starfsmanna á svæðinu og hvernig fara samskiptin fram við hugsanlega viðskiptavinum á vinnustaðnum?

Fræðsla, upplýsingar og viðeigandi þjálfun:

Atvinnurekandi tryggir að starfsmenn séu upplýstir um örugg vinnubrögð. Atvinnurekendur þurfa að skilgreina vel röð ábyrgðaraðila ef eitthvað kemur upp á þ.e.a.s. hver á að tala við hvern. Hverjum á að gefa skýrslu um málið ef upp koma vandamál o.s.frv. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef viðhald er framkvæmt með undirverktaka.

**Sjá nánari leiðbeiningar um áhættumat á heimasíðu
Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is**